

Stjórn foreldrafélagsins

Foreldrafélag Húsaskóla

Almennar upplýsingar

Foreldrafélag er félag foreldra sem vinnur að ýmsum málum tengdum skólanum og nemendum hans. Í félaginu eru allir foreldrar sem eiga börn í viðkomandi skóla. Ekki þarf að sækja sérstaklega um að vera meðlimur.

Foreldrafélagið er rekið af stjórn sem er myndað af foreldrum sem eru kosnir í stjórn yfirleitt á aðalfundi félagsins ár hvert. Allir foreldrar í skólanum hafa kosningarétt.

Á aðalfundi félagsins er ákvörðun um verkefnasjóðsgjald tekin ár hvert og sjóðurinn er notaður til að kaupa inn fyrirlestra fyrir foreldra, vorhátíð, útgáfu símaskrár og fleira.

Foreldrafélög eru lögbundin og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Löggin má skoða hér: [Lög um grunnskóla nr. 91/2008](#).

Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla.

Foreldrafélagið á tvo fulltrúa í skólaráði.

Bekkjarfulltrúar eru fulltrúar foreldrafélagsins inn í hverjum bekk eða árgangi.

[Lög Foreldrafélags Húsaskóla \(pdf skjal\)](#)

Handbók foreldrafélaga grunnskóla

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða. Hér getur þú nálgast sem pdf skjal. [Handbók foreldrafélaga grunnskóla](#).

Stjórn félagsins

Stjórn foreldrafélagsins

Formaður: Ólafur Kári Júlíusson

Gjaldkeri: Helga Ásdís Jónasdóttir

Ritari: Ásta Heiðrún Elísabet Pétursdóttir

1. bekkur Ingibjörg Lára Sveinsdóttir
2. bekkur Ingunn Tangen
3. bekkur Maria Magdalena
4. bekkur Elísabet Sara
5. bekkur Sigurður Jónsson
6. bekkur Aldís Rut Gísladóttir
7. bekkur Tinna Arnardóttir